

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/40

frá 3. mars 2004

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun halons 2402 (\*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 639)

(2004/232/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 um efni sem eyða ósonlaginu <sup>(1)</sup>, einkum iv-lið 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu um notkun halons 2402 við endurskoðunina, sem kveðið er á um í iv-lið 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000, og að höfðu samráði við aðildarríkin og fulltrúa ríkisstjórna ríkjanna sem gerast aðilar að Evrópusambandinu 1. maí 2004 og hagsmunaraðila.
- 2) Framleiðslu iðnríkjanna á haloni 2402 var hætt 1. janúar 1994 þegar aðilar að Montreal-bókuninni samþykktu að stöðva framleiðslu þess í iðnríkjunum. Frá þeim tíma hefur orðið að fá allt halon 2402, sem þörf hefur verið á, úr sérhæfðum vörugeymslum þar sem halon, sem skipt hefur verið út fyrir önnur efni, er geymt.
- 3) Í ríkjunum sem gerast aðilar að Evrópusambandinu 1. maí 2004 er halon 2420 notað í miklum mæli til að kæfa bruna og sprengingar á sviði hernaðar og á almennum sviðum þar sem það er t.d. notað í kjarnorkustöðvum en einnig í flutningum á sjó, landi og í lofti.

- 4) Þegar slökkvibúnaði sem inniheldur halon er skipt út fyrir annars konar eldvarnarbúnað verður að taka tillit til þess hvaða aðrir kostir eru tæknilega og fjárhagslega gerlegir og viðunandi frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiði. Endurstillingu búnaðar, sem inniheldur ekki halon, til bruna- og sprengivarna í hernaði þarf að tímasetja þannig að varnargetu þeirra ríkja sem gerast aðilar að Evrópusambandinu sé ekki stofnað í hættu á óviðunandi hátt. Oft er þörf á sérstökum fjárveitingum og ákveðnum tíma til að skipta yfir í aðrar varnir og aðlaga eldvarnarbúnað þannig að hann sé öruggur og skilvirkur.

- 5) Samkvæmt v-lið 4. mgr. 4. gr. í reglugerð (EB) nr. 2037/2000 skal halon í búnaði, sem ekki er skráður til neyðarnotkunar í VII. viðauka, tekinn úr notkun eigi síðar en 31. desember 2003 og halonið endurheimt í samræmi við 16. gr. Til að uppfylla skilyrði fyrir undanþágu vegna neyðarnotkunar, sem gæfi leyfi fyrir áframhaldandi notkun á haloni 2402 í löndunum sem gerast aðilar að Evrópusambandinu eftir þann dag, skal breyta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 til þess að hægt sé að nota þennan eldvarnarbúnað með ýmsu móti.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2037/2000 til samræms við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 71, 10.3.2004, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2004, 24. september 2004 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 10.3.2005, bls. 52.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1804/2003 (Stjtið. ESB L 265 16.10.2003, bls. 1).

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

---

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi er bætt við í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2037/2000:

„Notkun halons 2402 í Eistlandi, á Kýpur, í Lettlandi, Litháen, á Möltu, í Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi:

- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými, og til sprengivarna eldsneytisgeyma,
  - til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
  - til sprengivarna á mönnuðum svæðum hjá hernum, við olíu- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætt á að eldfimur vökvi og/eða lofttegundir leki út,
  - til sprengivarna í mönnuðum fjarskipta- og stjórnunarstöðvum heraflans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,
  - til sprengivarna á svæðum sem hætt er á að geislavirk efni dreifist um,
  - í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,
  - í slökkvitækjum, sem skipta sköpum fyrir öryggi manna, sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,
  - í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á einstaklinga.“
-